

# Virk, starfsendurhæfingarsjóður



Virk, starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun með aðild allra helstu samtaka stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum.

Einstaklingar með skerta starfshæfni vegna heilsuþrengingar geta leitað til ráðgjafa á vegum Virk sem staðsettir eru hjá stéttarfélögum um land allt. Þessir ráðgjafar eru sérhæfðir í að aðstoða einstaklinga við að efla færni sína og vinnugetu. Þeir hafa einnig aðgang að hópi ólíkra sérfræðinga og fjölbreyttri þjónustu sem öll miðar að því að aðstoða fólk aftur í vinnu. Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna: ráðgjöf og hvatningu, mat á starfshæfni sem tekur mið af heilsufarslegum og félagslegum þáttum, aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar áætlunar, leiðbeiningar um réttindi, greiðslur og fjölbreytta þjónustu, fræðslu og ráðgjöf þar sem einstaklingar, atvinnurekendur og ýmsir fagaðilar vinna saman að því að auka starfshæfnina og aðstoð frá sérfræðingum s.s. sálfræðingum, sjúkraþjálfurum, læknum, félagsráðgjöfum, náms- og starfsráðgjöfum og fleirum.

Starfsendurhæfingarsjóður leggur einnig áherslu á að eiga gott samstarf við atvinnurekendur um allt land, samstarf sem miðar að því að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði og styrkja þannig atvinnulíf og samfélag.

Sjá nánar á heimasíðu VIRK <http://virk.is/>